

MÓTTÖKUSTÖÐ HRINGRÁSAR HF., AKUREYRI

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að móttökustöð Hringrásar hf. fyrir brotamálma og spilliefni að Ægisnesi 1, Akureyri, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 11 e í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar samkvæmt framlögðum gögnum verði óveruleg, umfram þau neikvæðu áhrif á fornleifar sem þegar hafa orðið og eiga sér nokkra sögu. Stofnunin telur að það sé ekki viðunandi að fornleifum hafi verið spillt án þess að ráðist hafi verið í þær rannsóknir sem Fornleifavernd ríkisins var búin að gefa fyrirmæli um. Stofnunin bendir á mikilvægi þess að áður en framkvæmdir hefjist sé til staðar skýrt verklag sem upplýsi alla aðila máls um hlutverk sitt og ábyrgð við framgang verks.

Framkvæmdin er háð starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Hringrás hf. og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 6. apríl 2010.

3. mars 2010

INNGANGUR

Þann 14. janúar 2010 var tilkynnt til Skipulagsstofnunar af VSÓ Ráðgjöf, f.h. Hringrásar hf., áform um byggingu móttökustöðvar fyrir brotamálma og spilliefni að Ægisnesi 1 á Akureyri, samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 11 e í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Akureyrarbæjar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá skipulagsnefnd Akureyrarbæjar með bréfi dags. 11. febrúar 2010, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 15. febrúar 2010, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 10. febrúar 2010 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 3. febrúar 2010. Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 23. febrúar og frá Akureyrarbæ með bréfi er barst 25. febrúar 2010.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Móttökustöðin verður byggð á um 13.500 m² lóð við Ægisnes 1 þar sem núverandi starfsemi Hringrásar hf. er á Akureyri og verður malbikuð í áföngum og tengd olúgildru. Móttaka allra efna á svæðinu mun fara fram við innganginn á svæðið. Tekið verður á mót og flokkaðir brotamálmar, bílhrae og góðmálmar þ.m.t. ál, ryðfrítt stál, eir og kopar, auk forvinnslu fyrir útflutning. Heildarmagn brotamálms er áætlað nálægt 3000 tonn/ári, bílhrae ca. 100-200 stk/ári, góðmálmar 100-200 tonn/ár og ca. 500 tonn/ári af dekkjum. Reiknað er með að magn dekkja eða annarra eldfimra efna á svæðinu verði ekki meira en 200 tonn hverju sinni. Reiknað er með að tekið verði á mót um 200 tonn/ári af spilliefnum, hámarks magn á svæðinu á hverjum tíma er áætlað u.þ.b. 40 tonn og þau flutt til Reykjavíkur til úrvinnslu. Vökvar úr bílhraejum verða flokkaðir og fluttir til Reykjavíkur.

Áhrif á núverandi landnotkun. Fram kemur að fyrirtækið hafi tekið á mót brotamálmum á umræddri lóð í meira en 10 ár og að framkvæmdir séu ekki hafnar í næsta nágrenni við framkvæmdasvæðið.

Áhrif á landslag. Fram kemur að gert sé ráð fyrir að haugar brotamálms innan lóðar geti náð 6-7 m hæð en þar sem lóðin verði niðurgráfin og um 4 m háar jarðvegsmanir umhverfis hana ættu haugar ekki að vera áberandi utan lóðar.

Áhrif á menningarminjar. Fram kemur að hluti af gömlum túngarði Ey-241:006 séu innan lóðarinnar. Minjavörður hafi bent á við gerð deiliskipulags að rannsaka þyrfti garðinn með sniðskurði og með því leitast við að ákvarða aldur og byggingarlag hans. Framvæmdaraðila sé ekki ljóst hvort Akureyrarbær hafi látið fara fram slíka rannsókn í tengslum við skipulagsvinnu á svæðinu.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Fram kemur að framkvæmdasvæðið sé athafnasvæði samkvæmt Aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018 og að þar gildi deiliskipulag fyrir s.k. C-áfanga Krossaneshaga, samþykkt 24. júlí 2009.

Tilgangur. Fram kemur að tilgangur framkvæmdarinnar sé að bæta núverandi aðstöðu til móttöku á brotajárni og jafnframt að koma upp aðstöðu til móttöku á

spilliefnum á Akureyri. Einnig að auka endurnýtingu og bæta meðferð úrgangs á landsvísu í samræmi við stefnu íslenskra stjórnvalda.

Það er mat framkvæmdaraðila að umhverfisáhrif vegna byggingu móttökustöðvar fyrir brotamálm og spilliefni geti ekki talist umtalsverð í skilningi laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Akureyrarbær, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra og Umhverfisstofnun telja að fyrirhuguð framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Áhrif á menningarminjar. Fornleifavernd ríkisins bendir á að framkvæmdir séu hafnar á staðnum og nú þegar búið að jafna alla lóðina og steypa þar plan. Ekkert samráð hafi verið haft við Fornleifavernd ríkisins um meðferð þekktra fornleifa á staðnum og hafi gamall túngarður ekki verið rannsakaður með uppgreiftri eins og gert var að skilyrði fyrir samþykkt deiliskipulagsins á sínum tíma. Þetta sé ámælisvert og gróft brot á þjóðminjalögum. Framkvæmdin hafi þegar valdið mesta mögulega skaða á fornleifum á svæðinu, með algerri eyðileggingu án undangenginna rannsókna en ekki verði séð að framhald fyrirhugaðra framkvæmda muni valda meiri skaða á fornleifum en þegar hafi orðið.

Fyrirspurn var send til Akureyrarbæjar, 16. febrúar 2010, í framhaldi af umsögn Fornleifaverndar ríkisins. Í bréfi Akureyrarbæjar, dags. 25. febrúar 2010, er farið yfir sögu fornleifarannsóknna, deiliskipulags, byggingarleyfa og framkvæmda á lóðinni. Í lokaorðum bréfs segir:

„Þar sem langt er liðið frá úthlutun lóðarinnar og talsvert rask hefur staðið yfir á lóðinni á umræddum fornleifum frá 1994 er ljóst að umræddum minjum hefur verið spillt. Staðsetning og skráning þeirra var misvísandi og gögn ónákvæm. Hvort eftirliti af hendi Akureyrarbæjar og Fornleifaverndar ríkisins var ábótavant skal ekki fullyrt um. Einnig má deila um hvort lóðarhafa átti að vera fullkomlega ljóst að fornleifar væru að finna á svæðinu eins og rakið er hér að ofan.“

Áhrif á gæði lofts og vatns. Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra vekur athygli á starfsskilyrðum fyrir brotajárnmóttöku. Umhverfisstofnun bendir á að í starfsleyfi móttökustöðva eru settar kröfur m.a. varðandi hreinsun frárennslis og meðferð spilliefna.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða móttökustöð Hringrásar hf., að Ægisnesi 1, Akureyri, fyrir brotamálma, bílhræ, dekk og spilliefni.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 11 e í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Fyrir liggur að framkvæmdinni fylgir lækkun lóðarinnar og gerð jarðvegsmana sem munu draga úr sjónrænum áhrifum af úrgangshaugum og starfseminni verður þannig hagað að ekki verði loft- eða vatnsmengun.

Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar samkvæmt framlögðum gögnum verði óveruleg, umfram þau neikvæðu áhrif á fornleifar sem þegar hafa orðið og eiga sér nokkra sögu. Stofnunin telur að það sé ekki viðunandi að fornleifum hafi verið spillt án þess að ráðist hafi verið í þær rannsóknir sem Fornleifavernd ríkisins var búin að gefa fyrirmæli um. Stofnunin bendir á mikilvægi þess að áður en framkvæmdir hefjist sé til staðar skýrt verklag sem upplýsi alla aðila máls um hlutverk sitt og ábyrgð við framgang verks.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Hringrásar hf. við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Hringrásar hf. vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að móttökustöð Hringrásar hf. að Ægisnesi 1, Akureyri, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdin er háð starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Hringrás hf. og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 6. apríl 2010.

Rut Kristinsdóttir

Þóroddur F. Þóroddsson